



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Kópavogi, 21. apríl 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 16/1938, um að heimila í viðeigandi tilfellum aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, 436. mál.

Stjórn Læknafélags Íslands sendi ofangreint frumvarp til Siðfræðiráðs LÍ til umfjöllunar. Neðangreint er álit Siðfræðiráðs frá 11. apríl 2010:

Álit Siðfræðiráðs Læknafélags Íslands

Umrædd lög voru felld úr gildi með setningu laga nr. 25/1975 að undanskildu einu ákvæði er varðar afkynjanir. Því eru enn í gildi eftirfarandi málsgreinar í umræddum lögum frá 1938:

“1. gr. Heimilar eru aðgerðir á fólki, er koma í veg fyrir, að það auki kyn sitt, ef fengið er til þess sérstakt leyfi samkvæmt ákvæðum laga þessara, enda sé um aðgerðirnar fylgt þeim reglum, sem lögina að öðru leyti setja.”

Í 1. lið 2. greinar:

“Afkynjanir: Er kynkirtlar karla eða kvenna eru numdir í burtu eða þeim eytt þannig, að starfsemi þeirra ljúki að fullu.”

og í 5. grein:

“Dómsmálaráðherra skipar þriggja manna nefnd landlækni til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Af nefndarmönnum skal einn vera læknir, helst sérfróður um geðsjúkdóma, og annar lögfræðingur, helst í dómarastöðu.”

og:

“Afkynjun skal því aðeins leyfa, að gild rök liggja til þess, að óeðlilegar kynhvatar viðkomanda séu líklegar til að leiða til kynferðisglæpa eða annarra hættulegra óbótaverka, enda verði ekki úr bætt á annan hátt. Leyfi til afkynjunar veitist aðeins eftir umsókn viðkomanda sjálfs eða lögreglustjóra, og þó því aðeins, að dómsúrskurður sé á undan genginn.”

Í greinargerð með frumvarpinu er rakinn aðdragandi framlagningar þessa frumvarps. Nefnd er kannaði hvort lög og reglugerðir hér á landi uppfylltu kröfur sem lagðar eru á ríki sem fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS

ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

réttindi fatlaðs folks benti á þetta tilgreinda ákvæði laga nr. 16/1938 sem hér um ræðir. Af lestri þessara ákvæða er hins vegar ljóst að ekki var um að ræða að hamla fötluðu fólki að auka kyn sitt. Afkynjun skv. þessum lögum er aðeins heimiluð sem forvörn kynferðisglæpa hjá einstaklingi með óeðlilegar kynhvatir. Rétt er að halda því til haga að ákvæði sem heimila aðgerðir til að einstaklingar með einhvers konar fötlun geti ekki aukið kyn sitt voru afnumin árið 1975 en þessi ákvæði laganna frá 1938 sem þá voru afnumin hljóðuðu svo:

“Að gild rök liggi til þess, að viðkomandi beri í sér að kynfylgju það, er mikil líkindi séu til, að komi fram á afkvæmi hans sem alvarlegur vanskapnaður, hættulegur sjúkdómur, andlegur eða líkamlegur, fávitháttur eða hneigð til glæpa, eða að afkvæmi hans sé í tilsvarende hættu af öðrum ástæðum, enda verði þá ekki úr bætt á annan hátt.

b. Að viðkomandi sé fáviti eða varanlega geðveikur eða haldinn öðrum alvarlegum langvarandi sjúkdómi og gild rök liggi til þess, að hann geti ekki með eigin vinnu alið önn fyrir sjálfum sér og afkvæmi sínu.”

Þessi ákvæði eru umhugsunarverð og varpa sýn á hugsunarhátt sem var býsna útbreiddur í Evrópu á fjórða áratug síðustu aldar. Þessi hugsunarháttur fékk brotlendingu með lokum heimstyrjaldarinnar síðari þegar ljóst var hvernig ákvæði af þessum toga höfðu verið notuð og er umhugsunarefni af hverju tók 30 ár að afnema þessi ákvæði úr íslenskum lögum.

Hvað varðar afkynjanir á einstaklingum með afbrigðilega kynhneigð þá hafa ákvæði þessara laga er heimila afkynjun þeirra ekki verið notuð undanfarin 40 ár. Ástæðan er fyrst og fremst sú að í völdum tilvikum sem undir þetta gætu fallið eru aðrar aðferðir notaðar svo sem lyfjagjöf sem hefur þann kost að hún er afturkræf hvenær sem er en það er aðgerðin ekki.

Að þessu sögðu mælir Siðfræðiráð með því að Læknafélag Íslands styðji framkomið frumvarp.

Samkvæmt tillögu Siðfræðiráðs hefur stjórn Læknafélags Íslands ákveðið að styðja framkomið frumvarp.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir
formaður